

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Stöðvarhrepps nr. 548/1987, sbr. samþykkt nr. 386/1990.**

1. gr.

1. töluliður B-liðar 56. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Félagsmálanefnd. Hreppsnefnd kys fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagspjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæslum-dæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna sameiginlega félagsmálanefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um. Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar. Skal þá hreppsnefnd kjósa fimm fulltrúa í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 572

21. september 1998

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið almennt að gefa megi út neyðarvegabréf sem gilda allt að einu ári. Að öðru leyti gilda ákvæði þessarar reglugerðar um útgáfu slíkra vegabréfa.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Kolbeinn Árnason.